

Alþingi
Erindi nr. P 143/469
komudagur 1.12.2013



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. desember 2013

Tilvísun: 2013110021

EBJ/BH

Tilv. ykkar: tölvupóstur dags. 18.11.2013.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um uppbyggða vegi um hálendið.

Það hefur lengi legið fyrir að vantað hefur stefnu um hvert skuli vera hlutverk stofnvega á hálendinu sem eru fjórir, Kaldadalsvegur, Kjalvegur, Sprengisandsleið og Fjallabaksleið nyrðri sem og reyndar annarra hálendisvega, en í minna mæli þó. Nú síðast var reynt að ná fram slíkri stefnu við mótun þingsályktunartillögu um landsskipulagstefnu sem lögð var fram á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga. Í þeim drögum að landsskipulagsstefnu sem að lokum lágu fyrir fengu hálendisvegirnir ekki stórt hlutverk og mjög var tekist á um hlutverk þeirra við mótun stefnunnar. Tókust þar á umhverfissjónarmið, sjónarmið ferðamennsku og ýmis sjónarmið nýtingar.

Í þingsályktunartillögu um samgönguáætlun 2007 - 2018 sem lögð var fram á Alþingi 2007, en náði ekki fram að ganga, er fjallað um hálendisvegina á eftirfarandi hátt:

„Landsvegirnir fjórir sem teljast til grunnnetsins [samkvæmt núgildandi vegalögum stofnvegir á hálendi] hafa mikla sérstöðu. Mestur hluti þessara vega er óuppbyggðar malarslóðir. Samgönguáætlun felur í sér að þeim verði komið í „gott horf“ samkvæmt nánari skilgreiningu. Fjármagn í áætluninni dugir þó einungis fyrir litlum hluta verkefnisins, en hefjast þarf handa hið fyrsta við að skilgreina hlutverk þeirra og hvaða kröfur þeir eiga að uppfylla.“

Við gerð næstu samgönguáætlunar 2011 - 2022 var komin upp gjörbreytt staða í þjóðfélaginu. Efnahagshrunið haustið 2008 olli því að fjármagn til framkvæmda í vegamálum snarminnkaði og ekki tekst lengur að halda í horfinu varðandi viðhald og þjónustu á vegakerfinu. Öllum fjárveitingum til nýframkvæmda er beint að hinu hefðbundna vegakerfi og þykir mörgum fjarri því að þar sé nóg gert. Það kemur því ekki á óvart að ekki er um að ræða neina nýja stefnumörkun um stofnvegi á hálendinu í þingsályktuninni eða veitt neinu fjármagni til uppbyggingar veganna.

Ekki þarf að fjölyrða um ástand þessara vega enda eru þeir flestallir í ástandi sem flokkast sem ótækt til viðhalds. Vegirnir eru víða niðurgrafnir og verja sig ekki fyrir vatni. Heflun og annað viðhald dugar skammt á slíka vegi og ekki er til fjármagn til að sinna nema því allra brúnasta í viðhaldi. Engan þarf að undra þótt mjög sé kvartað undan vegunum. Á sama tíma hefur orðið sprenging í íslenskri ferðaþjónustu sem er orðin afar mikilvægur hlekkur í íslensku efnahagslífi.

Uppbygging vega á hálendinu og viðhald og þjónusta á vegum hefur því miður ekki getað fylgt eftir þessari þróun.

Vegagerðin er hlynnt því sem fram kemur í fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu um uppbyggða vegi um hálendið að könnuð verði þjóðhagsleg hagkvæmni þess að hálendisvegir landsins verði bættir og lagfærðir. Vegagerðin bendir á í því sambandi að verkefnið er afar víðtækt og stórt. Það mun verða tímafrekt og kostnaðarsamt og mun þurfa að kalla til þess fjölda sérfróðra aðila. Gagnsemi verkefnisins felst í því að stjórnvöld munu að því loknu geta veitt fjármagni til hálendisveganna í samræmi við vel ígrundaða stefnu sem allir hagsmunaaðilar hafa komið að að móta og byggir á fræðilegum og efnahagslegum grunni.

Virðingarfyllt,



Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri.